

Opinn fundur fulltrúaráðs Öldungaráðs
Hafnarfjarðar
haldinn fimmtudaginn 25. september 2014
í Hraunseli kl. 17:00

Dagskrá:

1. Skýrsla formanns fyrir starfstímabilið janúar 2011 til og með september 2014.

2. Fyrirlestrar:

- Lífeyrisþegar og almannatryggingar; Ásta Júlía Arnarsdóttir fulltrúi TR
- Réttindi lífeyrisþega hjá Sjúkratryggingum; Margrét Rósa Kristjánsdóttir og Elsa Ingimundardóttir.
- Fyrirspurnir.

3. Önnur mál

Veitingar. Kaffi og kleinur



Skýrsla formanns fyrir starfstímabil Öldungaráðs Hafnarfjarðar Janúar 2011 til og með september 2014

Á fyrsta fundi fulltrúaráðs þar sem Gunnar Rafn bæjarritari stjórnaði var Gylfi Ingvarsson fulltrúi FEBH kosinn formaður og auk hans í stjórn voru kosin þau Almar Grímsson frá Sjálfstæðisflokki, Elísa Ragnheiður frá Framsóknarflokki. Halldóra Börk Jónsdóttir frá Hafnarfjarðarkirkju, Jón Ólafsson frá Vinstri Grænum, Unnur Birna Magnúsdóttir frá BKH og Þorbjörg Samúelsdóttir frá Samfylkingunni. Elísa var kosinn ritari hún sagði sig úr stjórninni 2012 og kom Guðmundur Fylkisson inn í hennar stað og tók við sem ritari. Unnur Birna sagði sig einnig úr stjórninni 2013 og tók Þorgerður María Halldórsdóttir við síðan tók Almar Grímsson sér frí síðastliðið ár vegna mikilla fjarveru erlendis og Guðrún Jónsdóttir leysti hann af.

Fundað hefur verið að jafnaðir einu sinni í mánuði og funduðum við fyrsta árið í Bungalowinu en síðan á 6. hæð í Höfn.

Markmið Öldungaráðs er að vera bæjaryfirvöldum til umsagnar um málefni eldri borgara og fundar með fjölskylduráði og bæjarráð sérstaklega vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar árlega.

Stjórn Öldungaráðs leggur mikla áherslu á að vera í nánú samstarfi við stjórn FEBH til þess að tryggja samstöðu í sameiginlegum málum og fylgja þeim eftir við stjórnvöld og funda stjórnirnar reglulega saman og sérstaklega við undirbúning fjárhagsáætlunar á hverju hausti.



Mynd frá fundi stjórnar Öldungaráðs með bæjarráði í október 2011

Á hverju ári heldur Öldungaráð fulltrúaráðsfund þar sem gerð er grein fyrir starfi starfsársins og einnig er tekið fyrir ákveðið málefni.

Fyrsti fundur fulltrúaráðs Öldungaráðs var haldinn fimmtudaginn 5. maí 2011 kl 16:30 í Kiwanishúsinu Helluhrauni 22 Hafnarfirði.

- Jón Eyjólfur Jónsson öldrunarlæknir ræddi um vistunarmat.
- Árni Sverrisson forstjóri Sólvagns ræddi um málefni Sólvagns.

Annar fundur fulltrúaráðs Öldungaráðs haldinn þriðjudaginn 22. maí 2012 í Hraunseli við Flatahraun kl 17:00.

- Janus Guðlaugsson MEd-íþróttافرæðingur ræddi um heilbrigði og hreyfingu eldri borgara.
- Kristinn Magnússon sjúkráþjálfi kynnti verkefnið Brúkom bekki

Þriðji fundur fulltrúaráðs Öldungaráðs haldinn miðvikudaginn 15. maí 2013 í Hraunseli við Flatahraun kl 16:30.

- Gylfi Ingvarsson gerði grein fyrir stöðu verkefnisins“ Brúkom bekki“
- Síðan var rædd framtíð og staða öldrunarþjónustu í Hafnarfirði og voru frummælendur
- Árni Sverrisson forstjóri Sólvagns ræddi um stöðu Sólvagns.
- Kristján Guðmundsson framkvæmdastjóri Öldrunarmiðstöðvarinnar Hafnar kynnti starfsemi Hafnar.
- Pétur Magnússon forstjóri Hrafnistu greindi frá starfsemi Hrafnistu í Hafnarfirði
- Gunnar Axel Axelsson bæjarfulltrúi og formaður verkefnisstjórnar uppbyggingu hjúkrunarheimils í Hádegisskarði gerði grein fyrir verkefninu.
- Rannveig Einarsdóttir sviðsstjóri fjölskyldu-þjónustu Hafnarfjarðar gerði grein fyrir öldrunarþjónustu á vegum Hafnarfjarðarbæjar.

Helstu verkefni.

1. Aðild að viðræðum við Velferðaráðuneytið vegna stöðu öldrunarmála í Hafnarfirði

Sameiginlegur starfshópur Hafnarfjarðarbæjar og ráðuneytisins fundaði þrisvar sinnum á tímabilinu frá október 2011 til loka janúar 2012. Safnaði hópurinn saman upplýsingum um málaflokkinn í Hafnarfirði og fór í gegnum stöðu þeirra verkefna og tillagna sem fram koma í skýrslu nefndar um uppbyggingu heildrænnar öldrunarþjónustu í Hafnarfirði frá árinu 2006.

Á fundum þessara aðila lögðu fulltrúar ráðuneytisins m.a. fram töluleg gögn um reiknaða þörf fyrir hjúkrunarrými, fjölda hjúkrunarrýma og biðlista eftir hjúkrunarrýmum í Hafnarfirði. Fulltrúar fjölskylduráðs afhentu fulltrúum ráðuneytisins greinargerð um stöðu þeirra verkefna sem getið er um í fyrrgreindri skýrslu um uppbyggingu heildrænnar öldrunarþjónustu í Hafnarfirði. Ábendingar hafa komið fram í viðræðum um aðstöðu fyrir hina ýmsu öldunarsjúkdóma þar sem þörf er á úrbótum.

Það er niðurstaða fulltrúa Hafnarfjarðarbæjar að mikilvægt sé að aðilar vinni áfram saman að því að ná þeim markmiðum sem sett voru fram í þessi skýrslu. Á grunni eftirfarandi yfirferðar er það niðurstaða hópsins að sérstaka áherslu skuli leggja á eftirfarandi þætti:

- Fjölgun dagvistunarúrræða
- Aukið framboð þjónustuíbúða sem standa til boða, óháð tekjum og eignum.
- Fjölgun félagsmiðstöðva aldraðra

- Leiðrétt skipulag á vatnsleikfimi fyrir aldraðra í Ásvallarlaug í upphafi árs 2011 og hefur það skipulag haldið síðan við góðar undirtektir.
- Sundaðstaða í sundlaug við Lækjaskóla aðgangur fyrir eldri borgara af svæðinu, lagt fyrir bæjarráð 2012
- Göngubraut í Vallarlaug önnur hæð en göngubraut er í L, tillaga um að hönnuð verði hringbraut sem nýtist vel að vetri fyrir eldri borgara og er einstaklegaklega heilsusamlegt umhverfi fyrir eldra fólk og fólk með öndunarfærakvilla því það er hlítt og rakt. Lagt fyrir bæjarráð 2012
- Heimsóknir, stjórn Öldungaráðs heimsótti þann 8. apríl 2014, Hjallabraut 33 og kynnti sér stafsemi þar og átti fund með starfsfólki og einnig hjúkrunarheimilið Ísafold í Garðabæ og átti þar fund með stjórnendum og kynntu sér starfsemina, báðar heimsóknirnar voru mjög gaglegar og fróðlegar.

Aðild að verkefnisstjórn hjúkrunarheimilis í Skarðshlíð og byggist aðildin að eftirfarandi samþykktu bókun stjórnar Öldungaráðs.

„Það er forsenda fyrir aðkomu Öldungaráðs að verkefnisstjórn um byggingu nýs hjúkrunarheimilis, að hvergi verði hvikað frá fyrri samþykktum um áframhaldandi þróun og uppbyggingu Sólvangssvæðisins, þar sem verði framtíð miðstöðvar öldrunarþjónustu í Hafnarfirði. Í því sambandi vísast til niðurstöðu nefndar um uppbyggingu heildrænnar öldrunarþjónustu í Hafnarfirði frá 2006, og ítrekun starfshóps fjölskylduráðs á því frá 2012.“ Trygging ríkisins um að þetta gangi eftir þarf að liggja skýlaust fyrir, áður en endanleg ákvörðun um byggingu er hjúkrunarheimilis er tekin.“

- Aðalfundarsamþykkt FEBH liggur fyrir til stuðnings við verkefnið.

Hér fylgir ávarp verkefnisstjórnar í maí 2014.

Ákvörðun um byggingu hjúkrunarheimilis í stað Sólvangs má rekja til vinnu sem hófst árið 2006. Starfshópur skipaður fulltrúum ríkisins og allra flokka í bæjarstjórn lagði fram drög að stefnumörkun sem meðal annars fól í sér að hafinn yrði undirbúningur að byggingu nýs hjúkrunarheimilis. Í álitni hópsins kom fram að í ljósi breyttra áherslna skyldi nýju hjúkrunarheimili fundinn staður þar sem nóg landrými væri fyrir hendi og auðvelt yrði að fella þjónustuna að skipulagi viðkomandi svæðis. Hönnun hjúkrunarheimilis í Skarðshlíð tekur mið af þeim viðmiðum sem stjórnvöld hafa sett um byggingu nýrra hjúkrunarheimila hér á landi og enn fremur er unnið út frá svokallaðri Eden-hugmyndafræði

Rauði þráðurinn í henni er virðing fyrir sjálfstæði og sjálfsákvörðunar-rétti hvers einstaklings. Hugmyndafræðin fellur vel að grundvallar-markmiðum Sameinuðu þjóðanna í málefnum aldraðra, þar sem sérstök áhersla er lögð á að fólk njóti sjálfstæðis og möguleika til þátttöku í samfélaginu út lífið. Það er einlæg von okkar sem skipum verkefnisstjórnina að nýtt hjúkrunarheimili geti orðið til að auka lífsgæði eldri Hafnfirðinga.

Gunnar Axel Axelsson, Samfylkingu, formaður verkefnisstjórnar

Bergþór Jóhannsson, Sjálfstæðisflokki

Geir Jónsson, Sjálfstæðisflokki

Gylfi Ingvarsson, Öldungaráði Hafnarfjarðarbæjar

Margrét Gauja Magnúsdóttir, Samfylkingunni

Sigurbergur Árnason, Vinstri-grænum

Þórdís Backman Kristinsdóttir, Félagi eldri borgara

Verkefnið „Brúkum bekki“

Samstarfsverkefni; Öldungaráðs Hafnarfjarðar, Félags eldri borgara Hafnarfirði, Félags sjúkráþjálfara og Hafnarfjarðarbæjar, um verkefnið „Brúkum bekki“ Markmið verkefnisins er að stuðla að aukinni hreyfingu eldri borgara með völdum gönguleiðum þar sem eru bekkir með 250-300m millibili.



Mynd frá samþykkt verkefnisins „Brúkum bekki“ á vörfundum 2012

Fyrst var ákveðnar gönguleiðir, síðan var haft samband við félagsamtök, fyrirtæki og stofnanir og hafa 28 bekkir verið gefnir til verkefnisins og þeim dreift á gönguleiðir. Bekkir er merktir gefendum eða merktir til minningar allt eftir óskum gefenda. Bekkirnir eru framleiddir hjá Málmsteypanni Helli.

Iðnskólinn í Hafnarfirði er með verkefni hjá hönnunardeild að hanna bekki sem henta til að staðsetja á gönguleiðum við Ástjörn og Hvaleyrarvatn og áhugavert verður að sjá hugmyndir sem munu koma frá ungu námsfólki við skólann og Þriðjudaginn 2. sept sl. áttu við Kristinn fund með hönnunardeild Iðnskólans um áframhaldandi vinnu nemenda við hönnun bekkja við Ástjörn og Hvaleyrarvatns

Landsbjörg í Hafnarfirði mun fara yfir gönguleiðir og hnitmerkja bekki til að auðvelda við staðsetningu ef eitthvað kemur fyrir á gönguleiðum.

Nú eru göngukort komin í dreifingu á stofnanir og íþróttamannvirki, göngukort munu einnig vera aðgengileg á heimasíðum allra er koma að verkefninu.

Enn á eftir að koma link inn á heimasíðu bæjarins og heimasíðu FEBH og er það eindregin ósk mín að þessu verði komið í lag hið bráðasta.

Eftirfarnadi félagsamtök og fyrirtæki auk Hafnarfjarðarbæjar hafa styrkt verkefnið:

Actavis, Arion-banki, Atlantsólía, Hvalur, IKEA, Verkfræðistofa VSB, Kiwanisklúbburinn Hraunborg, Félag eldri borgara Hafnarfirði, Starfsmannafélag Hafnarfjarðar, Sjúkráþjálfarinn, Bandalag kvenna Hafnarfirði, Lionsklúbbur Hafnarfjarðar, Rótaríklúbbur Hafnarfjarðar, Kvennfélagði Hringurinn 2 bekkir, Vlf. Hlíf 2 bekkir, Málmsteypan Hella og Hafnarfjarðarbær 10 bekkir, samtals 28 bekkir.

Verkefnastjórn þakkar þeim sem komið hafa að verkefninu fyrir öflugan stuðning. Verkefnið „Brúkum bekki“ heldur áfram,



Lógó verkefnisins



Dæmi um merkingu gefenda



Kristinn við bekkinn þegar þeir fóru í dreifingu í júní 2013



Verkefnisstjórn að afhenda Ingvari íþóttafulltrúa göngukort til dreifingu



Brúnum bekkir 2014

-  Framkvæmdasvæði Hafnarfjarðarbæjar
-  Öldungaráð Hafnarfjarðar
-  Félag eldri borgara í Hafnarfirði
-  Félag sjúkráðgjafara
-  Lænskólinn í Hafnarfirði

Markmið verkefnis : - Að stuðla að aukinni hreyfingu eldri borgara

- Rauðar línur sýna lóðir verkefnisins þar sem bláir bekkir eru 250-300m
- Bláir bekkir eru núverandi bekkir

Verkefnið hefur átt sér til um að tryggja að borgarum sé ljúft.

Lokaorð:

Ég tel að við í stjórn Öldungaráðs í samstarfi við bæjaryfirvöld og í góðu samstarfi við stjórn FEBH, hafi áunnist að vinna í trúnaði og trausti á milli aðila til úrlausnar á þeim málum sem upp hafa komið og þrátt fyrir að Öldungaráð sé eingöngu starfandi hér í bæ þá er ráðið virt og kallað eftir álit, umsögn og þátttöku í vandmeðförnum málum eins og hér að framan greinir.

Ég hef tekið eftir því að starfsemi okkar hefur vakið athygli og komið hafa fyrirspurnir úr Kópavogi, Reykjanesbæ og Mosfellsbæ.

Verkefni sem standa upp úr að mín mati er tvenn.

1. Verkefnisstjórn hjúkrunarheimilsins sem er eitt að brýnustu verkefnum bæjarins sem þarf að fá farsælan endi hið bráðasta.
2. Verkefnið Brúkum bekki sem við megum vera stolt af.

En nú er komin góð reynsla af Öldungaráðinu en einnig hefur komið upp athugasemdir við skipulagið og ástæða að taka það til endurskoðunar í ljósi reynslunnar, einnig hefur komið upp gagnrýni á að það sé ekki til fjárhagsáætlun fyrir ráðið og að er ekki greitt fyrir þessi stjórnarstörf eins og í öðrum nefndum á vegum sveitarfélagsins.

En þessi verkefni bíða næstu stjórnar í samstarfi við bæjarstjórn.

Að lokum þakka ég samstarfsfólki mínu í ráðinu fyrir frábært samstarf og gott starf og öllum þeim sem starfað hafa með okkur og nefni ég sérstaklega fjölskylduráð fagstjóra og bæjaryfirvöld.

*F.h. Stjórnar Öldungaráðs Hafnarfjarðar
Gylfi Ingvarsson formaður*